

Ice cruiser ehf
Digranesheiði 18
200 Kópavogur

Reykjavík, 30. september 2019
UST201907-241/H.H.
09.06.01

Efni: Umsókn um myndatökuleyfi - Friðland að fjallabaki - Drónar

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Ice cruiser ehf, dagsett 29. júlí 2019, um leyfi til kvikmyndatöku á Dómadalsleið, Sigölduleið, við Ljótapoll, Frostastaðavatn og Landmannalaugar innan Friðlands að Fjallabaki dagana 20. – 23. júlí 2020.

Friðlandið að Fjallabaki er friðlýst sem sbr. auglýsing nr. 354/1979. Mannvirkjagerð, efnistaka og annað jarðrask innan friðlandsins er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Óheimilt er að skemma gróður, trufla dýralíf að óþörfu og hrófla við bergmyndunum.

Lýsing verkefnis:

Um er að ræða hópa frá Nature Photography Adventures og Look North Travel. Hópurinn samanstendur að hámarki 9 manns (7 ljósmyndarar, erlendur hópstjóri ásamt íslenskum ljósmyndara/leiðsögumanni). Notast á við dróna á Dómadalsleið, Sigölduleið, við Ljótapoll, Frostastaðavatn og Landmannalaugar. Að hámarki verða 9 drónar með í för og munu myndatökurnar fara fram í að hámarki 120 metra hæð. Ekki verður farið út fyrir göngustíga eða vegi. Áætlað er að flugið fari fram einn dag á bilinu 20. - 23. júlí 2020.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur verkefnið ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins. Gestir svæðisins gætu orðið fyrir truflun tímabundið á meðan drónar eru á lofti.

Um er að ræða umsókn um leyfi fyrir kvikmyndatöku á tíma sem að stjórnunar- og verndaráætlun fyrir friðlandið mun hafa tekið gildi. Áætlað er að áætlunin verði tilbúin í byrjun árs 2020 og leyfið miðast við þær reglur sem þar koma fram, en þar er gert ráð fyrir að allt drónaflug innan friðlandsins sé háð leyfi Umhverfisstofnunar.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Ice cruiser ehf., fyrir sitt leyti leyfi fyrir drónaflugi innan friðlands að Fjallabaki sbr. lýsingu hér að ofan 20. – 23. júlí 2020 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.

- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Þar sem þörf er á að fara út fyrir göngustíga skal þess gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir utan göngustíga að verkefni loknu.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Ef myndefnið er ætlað til birtingar á internetinu skal það tekið fram í myndbandinu að leyfi Umhverfisstofnunar hafi fengist fyrir kvikmyndatökunni innan hins friðlýsta svæðis.
- Aldrei skal að fljúga ómönnuðu loftfari í nágrenni og yfir fólki og forðast skal að trufla friðsæld svæðisins og upplifun gesta, öryggi þeirra og persónuvernd eins og hægt er.
- Aldrei skal fljúga ómönnuðu loftfari nálægt dýrum eða fuglum, hvorki nálægt hreiðrum né á varptíma eða á þeim tíma sem telst viðkvæmur fyrir dýr og fugla.
- Flugtíma skal haldið í lágmarki og það skal fara fram utan þess tíma sem flestir gestir eru á svæðinu.
- Ef drónaflugið hefur truflandi áhrif á fugla- og/eða dýralífið skal því hætt samstundis.
- Stjórnandi/eigandi hins ómannaða loftfars ber ábyrgð á loftfarinu á svæðinu, að það skaði ekki fólk, dýralíf, eða náttúruna og það skilji ekki eftir sig varanleg ummerki á neinn hátt. Ekki skal skilja eftir hluta loftfarsins á svæðinu heldur finna og endurheimta loftfarið og alla hluta þess ef það brotlendir eða bilar.
- Að öðru leyti skal haga flugi ómannaðra loftfari í samræmi við reglugerð nr. 990/2017, um starfsrækslu fjarstýrðra loftfara.
- Af öryggisástæðum skal sá sem stjórnar ómönnuðu loftfari klæðast merktum fatnaði svo hægt sé að auðkenna viðkomandi.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Allur akstur utan vega er bannaður.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlæggt.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Umhverfisstofnun mælist til þess að taka skuli á loft og lenda ómönnuðu loftfari í öruggri fjarlægð frá gestum svæðisins skv. reglugerð um ómönnuð loftför nr. 990/2017

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um kvikmyndagerð og/eða ljósmyndatöku er kr. 52.600.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

Hildur Hafbergsdóttir

Hildur Hafbergsdóttir
sérfræðingur

Hákon Ásgeirsson

Hákon Ásgeirsson
teymisstjóri